

Markmið Bd-hópa (drengja) og Bs-hópa (stúlkna) er að taka þátt á vinamótum í 6. þrepi íslenska fimleikastigans, t.d. Aðventumóti Ármanns, Hello Kitty móti, Ármannsmóti og Mínerfumóti svo dæmi séu tekin.

Lengra komnir B-hópar æfa og keppa í 5. þrepi létt. Ekki er keppt á mótum Fimleikasambands Íslands heldur á æfinga- og vinamótum Ármanns og annarra félaga. Yngstu iðkendurnir keppa ekki til einstaklingsverðlauna.

Lögð er áhersla á að þátttakendur á æfinga- og vinamótum séu vel undirbúnir þegar kemur að þátttöku á mótum og fái jákvæða upplifun af keppni.

Iðkendur eru almennt 1-4 annir í B-hópum og æfa almennt 2-3 sinnum í viku í 90 mínútur, samtals 4-6 fimleikatíma á viku.

Þegar iðkendur eru tilbúnir til keppni á mótum FSÍ færast þeir fljótlega upp í C-hóp eða hópfimleika, allt eftir því hvar áhuginn liggur.